

Stefnumótun FRÍ – vinnuskjal 1

Kynning á Haustfundi FRÍ

Uppfærð 12. nóv. 2013

Stefán Halldórsson

Umræðupunktur

- Textinn í eftirfarandi glærum er ekki tillaga FRÍ, heldur umræðupunktur til að kalla fram viðbrögð og ábendingar.
- Textinn gefur mynd af því hvernig unnt væri að setja stefnu fram.
- Skipting í málaflokka gefur færi á að aðilar einbeiti sér að þeim þáttum sem þeir hafa mestan áhuga og þekkingu á, en láti öðrum eftir að sjá um hina þættina. Allir ættu því að geta lagt eitthvað af mörkum um sín hugðarefni.

Samþykkt FRÍ-þings 2012

“58. Frjálsíþróttaping, haldið á Selfossi, 16. og 17. mars 2012, samþykkir að fela stjórn að undirbúa, í samvinnu við sambandsaðila, drög að nýrri íþrótt- og afreksstefnu frjálsíþróttahreyfingarinnar fyrir tímabilið 2013-2024 og taka hana til umræðu á sérstökum fundi í hreyfingunni eigi síðar en í október 2012 til að unnt verði að afgreiða hana í endanlegum búningi á haustfundi FRÍ í nóvember 2012. Við mótun stefnunnar verði farið með skipulegum hætti yfir eldri stefnuskjöl FRÍ og nýleg stefnuskjöl ÍSÍ, annarra sérsambanda og annarra aðila ef gagnlegt þykir. Leitast verði við að samræma markmið, vinnubrögð og gæðaviðmið innan frjálsíþróttahreyfingarinnar og skilgreina verkaskiptingu sambandsaðila og FRÍ í þessum efnum. Jafnframt verði leitast við að samræma óskir og forgangsröðun í þeim málum sem eru á forræði ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila, s.s. varðandi uppbyggingu frjálsíþróttaaðstöðu, menntun íþróttakennara o.fl.”

Leiðarljós: Stuðla að framförum

Í allri stefnumótuninni er horft til þess hvernig stuðla megi að framförum

- iðkenda
- þjálfara og dómara
- forystufólks
- aðstandenda
- aðstöðu og umgjarðar
- félagsstarfs og fjármála
- ímyndar og útbreiðslu

Grunnspurningar fyrir alla málaflokka

- **F = framtíðarsýn:** Hver er hún?
- **M = markmið:** Hverjar eru stoðirnar sem framtíðarsýnin hvílir á? Hverju þarf að ná til að hún verði að veruleika?
- **R = (forgangs)röðun:** Hvaða skref þarf að stíga fyrst, hvað kemur seinna?
- **V = verkaskipting:** Hvað á FRÍ að gera, hvað sambandsaðilar? Hvernig á að skipuleggja og samræma?

Málaflokkar

Íþróttastarfið

1. Krakkafriðslar
2. Afreksstefna
3. Götu- og fjallahlaup
4. Almenningsíþróttir
5. Þjálfarar
6. Dómarar
7. Mannvirki
8. Mótahald
9. Mannauður í baklandi

Stoðsvið

1. Útbreiðsla
2. Fjármál
3. Alþjóðastarf
4. Rannsóknir
5. Samskiptavettvangur
6. Gildi friðslisíþróttanna

ÍPRÓTTASTARFIÐ

1. Krakkafrjálsar

F: Krakkafrjálsar verði að staðaldri í boði um allt land

M: Námsefni í krakkafrjálsum verði aðgengilegt fyrir alla grunnskóla

Grunnáhöld verði í öllum íþróttahúsum

Útbreiðsluáttak þegar/þar sem búnaður er fyrir hendi

R: Útbúa kennsluefni; skilgreina þrenns konar grunnpakka áhalda

V: FRÍ skilgreini og kynni á landsvísu; aðilar vinni að öflun og kynningu í héraði

2. Afreksstefna

F: Afreksfólk fái nægan stuðning til að geta æft og keppt í samræmi við getu og árangur

M: Afreksfólk taki þátt í öllum meistaramótum alþjóðlegu sambandanna með stuðningi FRÍ

FRÍ veiti aðgang að fjármagni, fagteymi og aðstöðu í samræmi við getu og möguleika iðkandans

Skipulag og stuðningur við fullorðna ráðist af fjölda

Skipulag og stuðningur við unglunga verði fast verkefni

R: Efla beinan stuðning við afreksfólk (fullorðna)

V: Þjálfun í félögum; FRÍ hafi ekki þjálfara, heldur verkefnastjóra

3. Götu- og fjallahlaup

F: Götu- og fjallahlauparar verði fullgildir iðkendur í íþróttahreyfingunni

M: Skráning hlaupara í félög eða deildir innan ÍSÍ, nýjar einingar stofnaðar ef með þarf

Skipulagt verði samstarf félaga/deilda innan FRÍ um hagsmunamál (aðstaða, hlunnindi, afreksmál, gæðamál)

Lög FRÍ aðlöguð til að veita hlaupurum vægi (hlaupararáð)

Kynningarátak til að stuðla að breytingunum

R: Kynning; hlaupararáð innan FRÍ; stofnun almenns félags; fjallahlaup

V: FRÍ annist skipulags- og markaðsmál; aðilar sjái um skráningar og innra starf

4. Almenningsíþróttir

F: Frjálssar verði aðgengilegur og eftirsóknarverður kostur í líkamsrækt á öllum aldri

M: Æfingaáætlanir fyrir alla aldursflokka, beinist ekki að keppni, heldur formi og færni

Bætt aðgengi almennings að æfingasvæðum

Þessi valkostur verði kynntur sem víðast

R: Semja áætlanir, bæta aðgengi, kynna

V: FRÍ semji áætlanir; aðilar bæti aðgengi; báðir kynna

5. Þjálfarar

- A: Þjálfaramenntun fylgi alþjóðlegum viðmiðum (IAAF CECS I-V)
- M: Alþjóðleg viðmið verði þýdd og staðfærð fyrir Ísland
 - Fyrstu þrjú stigin verði að jafnaði í boði hér á landi
 - FRÍ eigi samvinnu við háskóla um þjálfaramenntun
 - Listi yfir viðurkennda þjálfara verði jafnan aðgengilegur
 - Styðja við faglega starfsemi þjálfarafélags
- R: Þjálfaralisti; þýða viðmið; semja við háskólana; koma á 2. og 3. stigi; þjálfarafélag
- V: FRÍ skilgreini, semji lista og semji við háskóla; aðilar kosti menntun

6. Dómararar

F: Dómarakerfi uppfylli alþjóðlegar kröfur

M: Viðurkennt kerfi dómafræðslu innleitt eigi síðar en 2015.

5 stig: Lands-, héraðs-, greina-, aðstoðar- og sérdómarar.

Námskrá og dómaraeðlugerð hljóti staðfestingu IAAF

Kennslugögn verði til reiðu, m.a. á netinu

Flokkun móta ráði kröfum um dómara og starfsmenn

Skipuleg skráning starfa dómara og gildistíma prófa

R: Reglugerð; námskrá, kennslugögn; skráning

V: FRÍ sjái um skipulag, námsefni og kennaraþjálfun; félög skipuleggi námskeiðahald

7. Mannvirki

F: Aðgengi fyrir alla sem vilja iðka frjálsíþróttir

M: Nægileg aðstaða í boði fyrir þrjá hópa með mismiklar þarfir:
byrjendur í heimabyggð (skólar og opin svæði)

iðkendur í héraði (æfingavellir og keppnisaðstaða)

afreksfólk á landinu (þjóðarleikvangur, alþjóðleg mót)

R: vellir í Reykjavík og Reykjanesbæ; bætt aðstaða á ísafirði,
völlur á Snæfellsnesi og í Vestmannaeyjum; einfaldari aðgerðir
til að styðja útbreiðslu

V: FRÍ móti lands- og héraðastefnu gagnvart ríki og samtökum
sveitarfélaga; aðilar vinni að byrjendaaðstöðu og
æfingavöllum

8. Mótahald

F: Allt mótahald í samræmi við alþjóðlegar kröfur, eins og við á

M: FRÍ-mót fullorðinna fylli allar kröfur;

FRÍ-mót unglunga uppfylli framkvæmd, þó má skorta búnað;

héraðsmót standist kröfur um viðurkenndan árangur;

önnur mót teljist æfingamót og e.t.v. verði Íslandsmet ekki viðurkennd

reglubundin dómaramámskeið

eftirlitskerfi með mótahaldi og tæknimálum

R: Setja reglur um framkvæmd; dómaramámskeið; koma upp eftirlitskerfi; vinna að búnaði á völlum

V: FRÍ – reglur, eftirlit, skipulagning námskeiða; félög sjá um framkvæmd móta og lægri stig dómaramámskeiða

9. Mannauður í baklandi

F: Öflug fræðsla efli aðstandendur og velunnara í starfi fyrir hreyfinguna

M: Námsefni (og kennsla, t.d. með netfyrirlestrum) í boði um helstu þætti í foreldra- og félagsstarfi, s.s. leiðtogaþjálfun, stjórnarstörf og fjármál, árangursríkt foreldrastarf, fararstjórn, næringu og holla lífshætti.

Skipuleg skráning vinnuframlags sjálfboðaliða

Rafrænt gagnasafn um vel heppnuð verkefni og árangursríkar aðferðir í starfi hópa og félaga

R: Gerð námsefnis; kennsla; skráningarferlar; gagnasafn

V: FRÍ stjórnir gerð efnis og vinnuferla; félög sjái um framkvæmd

STOÐSVIÐ

10. Útbreiðsla

F: Frjálssar verði þjóðaríþrótt; í topp 5 að vinsældum; topp 3 í skráðri iðkun

M: Mótuð verði sú ímynd að hlaup séu frjálssar íþróttir

Skráning iðkenda hjá ÍSÍ verði stóraukin (hlauparar)

Umfjöllun fjölmiðla verði stóraukin

Framkvæmdar verði kannanir til að styðja markmiðin, sýnina

Stuttmynda/stiklugerð til fræðslu og útbreiðslu

Skipuleg kynning á öllum skólastigum.

R: Skráning; kannanir, fjölmiðlar; stiklur; skólakynningar

V: FRÍ annist markaðsmál, aðilar sjái um iðkendur

11. Fjármál

F: FRÍ sé vel fjármagnað og rekið án halla

M: FRÍ eigi fjármuni sem nægja fyrir hálfis árs útgjöldum (15 mkr.)

FRÍ sé skuldlaust (nema eðlilegar skammtímaskuldir) og greiði reikninga á gjalddaga

Fjáröflun skiptist milli FRÍ og aðila

Fjármálastjórnun og innheimta bætt

R: Bæta stjórnun og innheimtu; byggja upp eigið fé; skipuleggja fjáröflun aðila

V: FRÍ afli fjár til almenns rekstrar (umfram reglubundna styrki)

Aðilar afli fjár til afreksstefnu (umfram reglubundna styrki)

12. Alþjóðastarf

F: FRÍ sé virkur aðili í alþjóðasamstarfi

M: FRÍ eigi fulltrúa í stjórnnum og nefndum

Keppendur á öllum stórmótum sambandanna

FRÍ haldi alþjóðleg mót því sem næst árlega

FRÍ sækist til áhrifa meðal smáþjóða

R: keppendur; mótahald; fulltrúar; áhrif

V: FRÍ stjórnar verkefnunum; aðilar leggi til fulltrúa; FRÍ haldi mótin og fái þátttökutekjurnar; aðilar leggi til starfsmenn og fái tekjur á heimaslóð

13. Samskiptavettvangur

F: Hreyfingin noti árangursríka og hagkvæma tækni til samskipta

M: Aukin notkun rafrænna samskipta, s.s. fjarfunda og samfélagsmiðla, þar sem það á við

Dregið úr ferðalögum og fundarsetu þegar önnur samskiptaform koma að líku gagna

Áhersla lögð á netvarp frá fundum og viðburðum til að sem flestir geti fylgst með

Vefsíður verði efldar sem alhliða gagnabankar um frjálssípróttir og starf hreyfingarinnar

R: Netvarp; rafræn samskipti; efling vefsíðna

V: FRÍ útvegi öflugan stjórnubúnað fyrir fjarfundi og netvarp; félögin tryggja aðgang að viðtökubúnaði

14. Gildi frjálsíþróttar

F: Gildi frjálsíþróttar séu vel þekkt hjá stjórnvöldum, skólum, foreldrum og almenningi og stuðli að eflingu greinarinnar

M: Kynningarefni sé tiltækt og dreift til allra markhópa

Forystumenn hreyfingarinnar vitni til þeirra sem oftast

Aðilar kynni gildin fyrir iðkendum og aðstandendum

R: Útbúa kynningarefni í ýmsum gerðum; skipuleg kynning

V: FRÍ annist kynningu gagnvart ríki og sveitarfélögum, skólakerfinu og í fjölmiðlum

Aðilar kynni í nærumhverfi sínu (sveitarstjórnir, skólar, foreldrar, iðkendur)

VINNUFERLI STEFNUMÓTUNAR

Vinnuferlið

- Þessum glærum, ásamt skýringum, dreift til sambandsaðila og nefnda FRÍ í nóvember 2013
- Kallað eftir tillögum/ábendingum fram til 15. jan. 2014.
- FRÍ setur upp samskiptavettvang á netinu til að stuðla að skoðanaskiptum (s.s. Facebook, GoogleDocs eða annað).
- Vinnuhópur, ásamt stjórn FRÍ, uppfærir skjalið og sendir út sem þingskjal í febrúar 2014.
- Frjálsíþróttaping fjallar um og afgreiðir skjalið með venjubundnum hætti í mars 2014.